



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

19. janúar 2009

Efni: Umsögn um frumvarp um úthlutun þorskeldiskvóta og takmarkanir á krókaafiahlutdeild.

Landssamband smábátæigenda (LS) er sammála efni frumvarpsins.

Þorskeldiskvótlinn


LS telur að góður árangur hafi náðst með úthlutun þorskkvóta til tilrauna í þorskeldi. Félagið fagnar því að kynbótastarf sem orðið hefur til við þær skuli vera orðið það öflugt að hægt verði á komandi árum að afnema úthlutun þorskeldiskvótans.

Krókaafiahlutdeild

LS ieggur mikla áherslu á að framlengdur verði frestur útgerða til að ráðstafa krókaafiahlutdeild þannig að hún rúmist innan þeirra marka sem lög kveða á um og tekur undir þær röksemdir sem fram koma í frumvarpinu.

Í umsögn Landssambandsins til sjávarútvegsnefndar Alþingis 22. febrúar 2006 um þennan þátt laga um stjórn fiskveiða, var óskað eftir að ákvæðið mundi ekki næstu 10 árin raska stöðu þeirra útgerða sem væru þá umfram fyrirhuguð mörk. Landssamband smábátæigenda ítrekar hér með þá skoðun og telur að nú, ekki síður en fyrir þremur árum, sé fullt tilefni til breytinga laganna í þá veru. Á þann hátt mundi ákvæðið koma til skoðunar 2016.

Virðingarfyllt,


Örn Pálsson framkvæmdastjóri